

Innköllun á Kjúklingapasta vegna Listeríu

Fyrirtækið Mealprep ehf. hefur innkallað vöruna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Upplýsingar um vöruna

- Vörumerki: Preppup
- Vöruheiti: Kjúklingapasta
- Framleiðandi: Matarkompaní
- Framleiðsluland: Ísland
- Lotunúmer/best fyrir dagsetningar: L 112 B.F. 25/05/21
- Geymslukilyrði: 6 Dagar
- Dreifing: Nettó, Iceland, Hagkaup, Krambúðin, Kjörbúðin og vefsíða félagsins

Neytendum sem keypt hafa vöruna er bent á að neyta hennar ekki og skila til verslunar eða fyrirtækisins gegn endurgreiðslu. Hægt er að hafa samband í síma 519-9887 eða með tölvupósti info@preppup.is til að fá frekari upplýsingar.

Aukið eftirlit hefur verið með starfsemi og umhverfi frá því að listería greindist í vöru þess. Sýni ehf. tók sýni úr fjölda rétta í reglubundnu eftirliti og greindist listería í Kjúklingapasta. Mealprep hefur að kröfu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis tekið reglulega sýni úr vörum þess til greiningar á listeríu. Listería hefur ekki greinst í innri eftirliti fyrirtækisins frá því að úrbótaaðgerðum lauk.

Listeria monocytogenes getur orsakað sjúkdóm bæði hjá mönnum og dýrum og kallast þessi sjúkdómur listeriosis. Einkenni sjúkdómsins eru mild flensueinkenni, vöðvaverkir, hiti og stundum ógleði og niðurgangur. Alvarlegri einkenni eru heilahimnubólga í ungbörnum, blóðeitrun og getur sjúkdómurinn einnig valdið fósturláti. Í einstaka tilfellum getur bakterían valdið dauða, þá er yfirleitt um að ræða einstaklinga sem eru með skert ónæmiskerfi.

Í flestum heilbrigðum einstaklingum veldur neysla á listeríumenguðum matvælum ekki sjúkdómi. Áhættuhópar eru barnshafandi konur, ófædd og nýfædd börn og einstaklingar með skert ónæmiskerfi. Hópsýkingar af völdum listeríu eru mjög sjaldgæfar, oftast er um að ræða einstaklingssýkingar.



Virus-free. www.avast.com